

32 19. febr. — Þættis verði gegnt, og að tillit til hagsmuna hlutaðeigandi sökjanda hlýtur í samanburði þar við að lúta í lægra haldi. Það verður því í hvert skipti, sem prestakall er veitt, að vera skylda biskupsins að mæla ekki með og skylda landshöfðingjans að kalla ekki þann prest, sem annaðhvort af þeirri ástæðu, að hann hefir nýlega fengið annað prestakall og flúzt að því, eða af öðrum ástæðum ekki verður álitinn verðugur til að fá það presta- kall, sem hann sækir um. Hins vegar er það vitaskuld, eins og þjer hafið tekið fram, herra biskup, að sjerstakar kringumstæður geta stundum komið því til leiðar, að brugðið verði af þessari reglu.

Með því ekki er enn tekin nein ákvörðun um skiptinguna á fje því, sem veitt er í 12. gr. A. b. 1. fjárlaganna, og með því Reynistaðarklausturs-brauð, svo framarlega sem lögin um aðra skipun prestakalla öðlast konunglega staðfesting, mun verða auglýst sem laust, — endursendast hjer með tvö fyrnefnd bónarbrjef til þóknanlegra aðgjörða herra biskupsins, þegar þau skilyrði, sem þar eru nefnd, koma fyrir.

33 20. nóv. 1879 — *Brief ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stærð vöruflutninga-* skips milli þýzka ríkisins og Íslands. — Ráðgjafinn hefir meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 7. f. m. lútandi að erindi, sem hingað hafði verið sent og þar sem verzlunarhúsið Carl Franz Siemsen í Hamborg fer þess á leit, að felldur verði úr gildi úrskurður, sem amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands hefir kveðið upp 3. júní þ. á. um, að nefndu verzlunarhúsi hafi verið óheimilt að flytja vörur frá Flensborg til Íslands á skipinu Clarine, sem að eins ber 22½ tons að farmrúmi. Fyrir því skal yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að fyrgreindur amtsúrskurður er hjer með úr gildi felldur, og að því beri að endurborga beiðandanum 20 kr. sekt þá til fátækra sjóðs Reykjavíkurkaupstaðar, er getur um í úrskurðinum, sje búíð að greiða hana¹.

34 12. jan.

Samningur

um póstgufuskipaferðirnar.

Ráðgjafinn fyrir Ísland og hið sameinaða gufuskipafjelag hafa í dag gjört sín á millum svo látandi

SAMNING

um gufuskipaferðir millum Danmerkur, Færeyja og Íslands frá 1. janúar 1880 að telja. 1. gr.

Fjelagið skuldbindur sig hjermeð til að láta 2 gufuskip, er sjeu vel löguð til ferða þeirra, er í þessum samningi er um að ræða, fara á ári hverju 4 ferðir fram og aptur millum Kaupmannahafnar og Reykjavíkur eða annarar hafnar á Íslandi — og komi skipið við í Þórshöfn eða einhversstaðar annarstaðar á Færeyjum — og 5 ferðir (fram og aptur) norðan um Ísland og eyjar þær, er um það liggja, allt samkvæmt ferðaáætlun

1) Amtsúrskurðurinn var byggður á 3. gr. laga 15. apríl 1854, sem meðal annars segir: „Þó má „ekki hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vöruflutninga hvorki hafna á milli á Íslandi, nje „milli Íslands og hinna hluta ríkisins“. Ráðgjafinn hefir álitíð, að engin heimild væri til að láta ákvörðun þessa ná til flutninga milli Íslands og utanríkislanda; en einkarjettindi danskra smáskipa til flutningsferða hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur eru úr gildi numin með lögum 17. apríl 1868, að því er snertir skip úr útlendum ríkjum, sem njóta forrjettinda í verzlunarviðskiptum sínum við Danaveldi, og telst þýzka ríkið með þeim, sjá dómsmálastjórnarbrjef 25. júní 1868 í tíðindum um stjórnamálefni II. bls. 537.